

**Ed.**

**424. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Menntaskólar skulu vera fimm, einn í Reykjavík, annar á Akureyri, þriðji á Ísafirði, fjórði á Eiðum og fimmti í sveit á Suðurlandi.

Kostnaður við stofnun og rekstur menntaskóla greiðist úr ríkissjóði.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og koma ákvæðin um stofnun hinna nýju skóla til framkvæmda, jafnóðum og fé er veitt til þeirra á fjárlögum.